

2. ÍSLAND IÐNVÆÐIST

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- hvenær og hvernig Ísland iðnvæddist
- hvernig sjávarútvegur tók við af landbúnaði sem mikilvægasta atvinnugreinin
- ástæðum þess að þéttbýli tók að myndast víða um land
- mikilvægi peningahagkerfisins
- þróun sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og verslunar.

Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir hvenær og hvernig Ísland iðnvæddist. Í því sambandi er mikilvægast að fjalla um vélvæðingu í sjávarútvegi með tilkomu vélbáta og togara. Sjálfsgagt er að gera grein fyrir mikilvægi peningahagkerfisins sem auðveldaði fjárfrekar fjárfestingar og almenn viðskipti.

Útskýra skal fyrir nemendum hvernig þéttbýli þróaðist í takt við iðnvæðinguna. Atvinnutækifæri jukust og verkaskipting varð meiri en áður þekktist. Með nýjum atvinnu- og búsetuháttum bötnuðu lífskjör og landsmönnum fjölgaði meira en áður þekktist.

Benda skal nemendum á að þó vélvæðingin hefði mest áhrif á sjávarútveg héraendis skaut smáiðnaður rótum. Vélvæðing hófst seinna í landbúnaði en bændur nutu þó góðs af aukinni verslun sem markaðshagkerfið hafði í för með sér. Sjálfsþurftarbúskapur fór því minnkandi.

Umræður

- Hvaða breytingar urðu í sjávarútvegi um aldamótin 1900?
- Hvað er átt við með að sjávarútvegurinn hafi orðið sjálfstæður?
- Af hverju var tilkoma markaðshagkerfisins mikilvæg?
- Hverjar voru forsendur þéttbýlis?
- Hvenær varð iðnaður sjálfstæð atvinnugrein og hvað einkenndi hann?
- Hvaða breytingar urðu í verslun?
- Hvernig þróaðist landbúnaðurinn um og eftir aldamótin 1900?



VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá því að Ísland sé að iðnvæðast. Ímyndaðu þér að þú sért fréttaritari fyrir erlent blað.
- Skrifaðu frásögn af fyrstu veiðiferð íslensks vélbáts. Þú ert sjómaður um borð og skráir upplifun þína í dagbók eftir að heim er komið.
- Ímyndaðu þér að þú búir í Reykjavík um aldamótin 1900 og sért í bréfaskiptum við einhvern sem býr í sveit. Skrifaðu sendibréf þar sem þú segir frá þeim breytingum sem urðu með auknu þéttbýli á þessum tíma.
- Skrifaðu blaðagrein þar sem þú segir frá breytingum sem urðu í iðnaði, verslun og landbúnaði um aldamótin 1900. Þú ræður hvort þú skrifar um allar atvinnugreinar þessar eða velur eina eða tvær þeirra.

Myndmennt

- Teiknaðu mynd af fyrstu veiðiferð vélbátsins Stanley. Þú getur valið á milli þess að teikna myndsyrru eða eina stóra mynd.
- Teiknaðu mynd að eigin vali sem tengist fjármálaviðskiptum.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrru sem sýnir helstu einkenni þéttbýlis um og eftir aldamótin 1900.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrru sem tengist íslenskum iðnaði um aldamótin 1900.

Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um þéttbýli sem myndaðist frá því um 1880 til um 1920 og merktu inn á kort. Kort er að finna undir verkefnum.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um fyrirtæki sem stofnuð voru á tímabilinu frá um 1880 til um 1920 og merktu inn á tímaásinn. Form fyrir tímaás er undir verkefnum

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt þar sem fyrsta sigling vélbátarins Stanley er til umfjöllunar. Nokkir nemendur geta t.d. leikið áhöfnina en aðrir geta leikið fólk sem fylgist með úr öðrum bátum og frá landi.